



ÚTGÁFA 01 11-08-2024

BREYTING Á DEILISKIPULAGI SUÐURHAFNAR

FLENSBORGARHÖFN

Greinargerð og skipulagsskilmálar

Verkkaupi
Hafnarfjarðarbær
www.hafnarfjordur.is

Ráðgjafar
JVST bv
Kratonkade 1
3024 ES Rotterdam
The Netherlands

office@jvst.nl
www.jvst.nl

Batterið Architects
Hvaleyjarbraut 220
Hafnarfjörður
Ísland

www.arkitekt.is

Umferðar- og hljóðráðgjöf:
Mannvit
www.mannvit.is

Hafnarráðgjöf
Strendingur
www.strendingur.is

JVST



BATTERIÐ
ARKITEKTAR



HAFNARFJÖRÐUR

EFNISYFIRLIT

01 SAMÞYKKTIR OG GÖGN	05
1.1	05
1.2 Breytingar á greinagerð eftir auglýsingu	05
1.3 Gögn deiliskipulagsins	05
1.4 Fylgiskjöl	05
02 FORSENDUR	07
2.1 Skipulagssvæðið	07
2.2 Aðdragandi og skipulagsforsendur	07
2.3 Fornleifaskráning	08
2.4 Húsakönnun	08
2.5 Umhverfisskýrsla	08
2.6 Umferðarhávaði	10
2.7 Helstu viðfangsefni & markmið	10
2.8 Sjónlínur	11
2.9 Flensborg: saga og staðarandi	12
2.10 Starfsemi hafnarinnar	13
03 DEILISKIPULAGIÐ	20
3.1 Hugmyndafræði	20
3.2 Innblástur	22
3.3 Deiliskipulag og lóðir	24
3.4 Verslun og þjónusta	29
3.5 Göngu- og umferðarleiðir	30
3.6 Almennir skilmálar	34
04 SÉRSKILMÁLAR	40
Flensborgarstræti 1-3	42
Flensborgarstræti 2-4	46
Flensborgarstræti 5	50
Flensborgarstræti 6-10	54
Flensborgarstræti 7-9	58
Flensborgarstræti 11	62
Flensborgarstræti 12-16	66
Flensborgarstræti 13	66
Flensborgarstræti 15	70
Flensborgarstræti 18 og 20	74
Fornubúðir 8, 10 og 12	78
	82



01 SAMÞYKKTIR OG GÖGN

01 SAMÞYKKTIR

1.1

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010. Breytingin var samþykkt í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þ. _____ 2024

f.h. skipulags- og byggingarráðs og bæjarstjórn
Hafnarfjarðar þ. _____ 2024

Tillagan var auglýst frá _____ til _____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þ. _____ 2024

1.2 BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Útgáfa 0.2 – breytt:

1.3 GÖGN DEILISKIPULAGSINS

Deiliskipulag Flensborgarhafnar samanstendur af eftirtöldum gögnum ásamt fylguskjölum sem getið er í kafla 6:

- Greinargerð skipulags og byggingarskilmálar í A4.
- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:1000 í A1.
- Sneiðingar í mælikvarða 1:1000 í A1
- Skýringaruppráttur í mælikvarða 1:1000 í A1.

1.4 FYLGISKJÖL

1. Flensborgarhöfn Hafnarfirði, Húsakönnun frá 2021 – Höfundur: starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar
2. Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025
3. Flensborgarhöfn og hluti Suðurhafnar, Umhverfisskýrsla, Febrúar 2022, höfundur: VSÓ Ráðgjöf
4. Frummat á mengun jarðvegs, Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði í Hafnarfirði, Janúar 2022, höfundur: VSÓ Ráðgjöf
5. Flensborgarhöfn – umferðarhávaði, Hafnarfjarðarbær. 18.04.2023. Höfundur: Mannvit



Skipulagssvæðið séð úr norðvestri



Skipulagssvæðið auðkennt með gulri brotalínu



02 FORSENDUR

02 FORSENDUR

2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Strandgötu, Fornubúðum og sjó. Fyrir svæðið er í gildi Deiliskipulag Suðrhafnar þar sem svæðið, reitur 1 er skilgreindur undir hafsækna starfsemi. Stærð svæðis er u.þ.b. 4,4 ha. Deiliskipulagið tekur yfir ofangreindan reit sem fellur úr gildi við gildistöku þessa deiliskipulags.

2.2 AÐDRAGANDI OG SKIPULAGSFORSENDUR

Árið 2018 efndi Hafnarfjarðarbær til hugmyndasamkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um rammaskipulag fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæðið. Tvær tillögur báru sigur úr bítum. Vinningstillögurnar voru sameinaðar í eina sem síðar voru þróaðar í breytingu á aðalskipulagi.

Markmið rammaskipulagsins var að auka samtíðinn bæjar og hafnar með þéttri og blandaðri byggð í sátt við aðliggjandi hverfi og hafnarstarfsemi. Stefnt var að því að skapa heildstæða byggð í anda sögunnar og þeirra umhverfisgæða sem eru fyrir hendi með breyttri landnotkun og bættri nýtingu innviða. Samþætt nálgun skipulagstillögunnar leggur áherslu á anda staðarins, hágæða almenningssvæði, aukið lífríki, græna samgöngumáta og fjölbreyttan arkitektúr.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti tillögu rammaskipulags Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis, dags. 23. janúar 2020. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði var áður hluti af hafnarvæði Suðrhafnar. Með breytingu á aðalskipulagi sem öðlaðist 27. wjanúar 2023 er svæðinu breytt í miðsvæði M5.


Aðalskipulagsbreyting fyrir svæðið er í anda Svæðisskipulags (SSH 2040), en þar er mörkuð stefna um að draga úr útþenslu byggðar og jafnframt er lögð áhersla á skilvirkar almenningssamgöngur. Þar koma fram áform um uppbyggingu samgöngu- og þróunarás á milli þéttbýliskjarna á höfuðborgarsvæðinu. Meðfram ás þessum er gert ráð fyrir hágæða almenningssamgöngum /borgarlínu, auk þéttingu og blöndun byggðar.



Rammaskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis



Rammaskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis



2.3 FORNLEIFASKRÁNING

Engar skráðar fornminjar eru á svæðinu en bent er á ákvæði í lögum um áður ókunnar fornminjar, 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

„Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

2.4 HÚSAKÖNNUN

Gerð hefur verið húsakönnun fyrir svæðið, sjá fylgiskjal 1 með deiliskipulaginu:

„Flensborgarhöfn Hafnarfirði, Húsakönnun frá 2021.“

Húsakönnunin tekur til stærra svæðis en hér um ræðir. Hús sem liggja innan skipulagssvæðis eru byggð á árunum 1945 til 1998 og eru metin með varðveislugildi lágt og miðlungs.

Þó er það þannig að skipulagshönnuðir meta byggingar á svæðinu sem góða fulltrúa til að styðja við sögu og staðaranda svæðisins og leggja til að þeim verði öllum haldið, annað hvort í óbreyttri mynd eða endurbýggingu þar sem haldið er í fyrri útlitseinkenni. Strandgata 84 er brunni en minningu um dráttarbraut verður haldið áfram í fyrirhuguðu almenningssvæði.



Húsakönnun kort

2.5 UMHVERFISSKÝRSLA

Við gerð breytingar á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 – Hafnarsvæði – þétting byggðar, Suðurhöfn, Flensborgarhöfn og Hamarshöfn, var unnin umhverfisskýrsla sem m.a. fjallar um deiliskipulagsreit Flensborgarhafnar; „Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 – Flensborgarhöfn og hluti Suðrhafnar, Umhverfisskýrsla, Febrúar 2022“ höfundur: VSO Ráðgjöf. Skýrslan er fylgiskjal nr. 2 með deiliskipulaginu.


Í niðurstöðum umhverfismatsins segir meðal annars:

“Uppbygging verslunar, þjónustu, hafnarstarfsemi og íbúðarbyggðar á Flensborgarreit og í Óseyrarhverfi styður við þróun miðbæjar Hafnarfjarðar sem kjarnasvæðis og lifandi miðbæjar.”


“Nálægð við kjarnastöð almenningssamgangna og áhersla á göngu- og hjólastíga styður við breytingar á ferðavenjum og er til þess fallið að auka hlut almenningssamgangna og virkra ferðamáta hjá íbúum, starfsmönnum fyrirtækja og gestum á svæðinu.”

“Neikvæð umhverfisáhrif felast í að þrátt fyrir þetta má gera ráð fyrir að umferð bíla aukist um svæðið og fleiri búi við hættu á hljóðmengun og verri loftgæði. Sérstaklega þarf að huga að þessu á deiliskipulagsstigi.”

Valkostur við skipulagsbreytinguna er óbreytt ástand þar sem svæðið er iðnaðarsvæði með litlum þéttleika, hefur lítið aðdráttarafl fyrir almenning og takmarkar þróun miðbæjarsvæðisins.”



Úr Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025




Deiliskipulag Suðrhafnar fyrir breytingu

2.6 UMFERÐARHÁVAÐI

Á myndinni hér til hliðar er hljóðstígstort fyrir deiliskipulagið eins og það er í fylgiskjali 4. Þar má sjá útreiknað hljóðstig frá umferð á reitnum í 2 m hæð miðað við fullbyggt hverfi (sjá einnig kort í viðauka). Í viðauka má einnig sjá útreiknað hljóðstig fyrir allar hæðir húsanna.

Helstu niðurstöður þessa eru: Að hljóðstig er nokkuð hátt við allar götuhliðar húsa, einkum þeirra sem snúa að Strandgötu. Hljóðstig í 2 m hæð reiknast þá yfir 55 dB(A) á stærstum hluta reitsins sunnan Flensborgarstrætis. Næst höfninni, norðan Flensborgarstrætis, er hins vegar nokkuð gott skjól frá umferðarhávaða og reiknast hljóðstig þar að mestu undir 55 dB(A) og uppfyllir því viðmið fyrir kyrrlát svæði í þéttbýli.



Deiliskipulag Suðrhafnar fyrir breytingu

2.7 HELSTU VIÐFANGSEFNI & MARKMIÐ


- Að þróa hugmyndir og markmið aðalskipulags í nýtt deiliskipulag, sem miðar að því að styrkja tengsl hafnar og bæjar
- Heildaryfirbragði svæðisins verði breytt með bættri nýtingu þess. Við uppbyggingu svæðisins verði tekið tillit til sérkenna þess og sérstöðu í bæjarmynd Hafnarfjarðar.
- Gæði, sjálfbærni og verðmæti svæðisins verði aukið með betri landnýtingu, þéttari byggð og bættu umhverfi og lífsgæðum fyrir notendur og íbúa.
- Lögð verði áhersla á aðlaðandi yfirbragð byggðarinnar, vandaðan frágang bygginga, opin bæjarrými og lifandi starfsemi á hluta jarðhæða sem skapar fjölbreytt mannlíf.
- Umferðartengingar inn á svæðið verði bættar með umferðaröryggi að leiðarljósi. Góð tenging verði við aðliggjandi svæði og miðbæ með stígum fyrir gangandi og hjólandi. Gott aðgengi verði að smábátahöfninni og umferðarflæði við Suðrhöfn verði áfram tryggt í sátt við nýja uppbyggingu.

- Að skipuleggja einfalt og hagkvæmt gatna- og stígakerfi (göngu- og reiðhjólaleiðir) sem þjónar byggðinni á sem bestan og öruggastan hátt með áherslu á gott aðgengi allra.
- Að deiliskipulag stuðli að umhverfsvænum og sjálfbærum lausnum í innviðum hverfisins og á sérhverri lóð t.d. með ívilnunum og/eða hvötum fyrir þá sem byggja vistvænar og vottaðar byggingar.
- Að skipulagsgerð og ákvarðanatöku verði í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem byggir á efnahagslegum, félagslegum og umhverfislegum stöðum sjálfbærrar þróunar.



2.8 SJÓNÍNUR

Við hönnun Flensborgarhverfis skal taka tillit til nærliggjandi byggðar og umhverfis. Það er t.d. gert með því að tryggja sjónlínur í gegnum hverfið. Þar sem talsverður hæðarmunur er á landi svæðisins og aðliggjandi svæðis er víða möguleiki á að sjá yfir byggingar skipulagsins. Tekin eru dæmi hér til hliðar um sjónlínur frá núverandi byggð. Ein meginsjónlína tryggir útsýni yfir gömlu dráttarbrautina og nýtt útivistarsvæði við sjóinn. Að auki gerir skipulagið ráð fyrir því að flestar byggingar næst sjó séu lægri en aðrar til að möguleiki sé að sjá yfir þær frá hverfinu og nærliggjandi byggð.



Sjónlínur frá núverandi byggð



Horft frá gömlu dráttarbrautinni



Horft á milli Suðurgötu 56 og 58



Horft á milli Suðurgötu 66 og 68

2.9 FLENSBORGARHÖFN: SAGA OG STAÐARANDI

Flensborgarhöfn í Hafnarfirði hefur í gegnum tíðina verið órjúfanlegur hluti sjávarútvegs og útgerðar í bænum. Þrátt fyrir að iðnaðarhlutverk svæðisins hafi verið víkjandi síðustu áratugin er mynd hafntengdar starfssemi sýnileg á svæðinu og lifandi í hjörtum bæjarbúa.

Sjómannadagurinn er rötgróinn viðburður í sögu Hafnarfjarðar, allt frá árinu 1953. Þar gefst fólki tækifæri til heimsækja Hafnarfjarðarhöfn og kynnast þeirri menningu sem þar er boðið upp á, listasöfn og fjölbreytta veitingastaði. Sjómannadagurinn undirstrikar mikilvægi sjávarútvegsins fyrir nærsamfélagið

Merkustu mannvirki svæðisins eru annars vegar Íshús Hafnarfjarðar sem var áður öflugt hraðfrystihús og fiskvinnsla. Hins vegar slippurinn og dráttarbrautin sem eru síðustu minningarnar um skipasmíði og fjörutengingu í miðbæ Hafnarfjarðar frá dögum Bjarna Riddara.

Tillaga deiliskipulagsins einkennist af lífrænu skipulagi með lágreistum húsum og vistgötu sem hlykkist á milli og skapar fallega þorpsstemningu. Hús sem eru klædd timbri og málmklæðningum endurspeglar hefðbundnar byggingaraðferðir. Hallandi þök bæta við kraftmiklum karakter og opið byggðarmynstur tryggir sjónrænar tengingar við vatnið og eykur samspil hins byggða umhverfis og hafnarinnar. Þessir þættir stuðla saman að einstökum sjarna Flensborgarhafnar.



Drafnarlippur og Drafnarhúsið þar sem nú eru veitingastaðir og sjúkrabjálfun



Gömul loftmynd af Norðurbakka Hafnarfjarðarhafnar



Trébryggjur sem lágu yfir fjörumelina



Byggðarmynstur einkenndist af lágreistum byggingum með rispökum og höfðu sterk tengsl við vatnskantinn.

2.10 STARFSEMI HAFNARINNAR

Flensborgarhöfn er líflæg smábátahöfn þar sem skemmtileg blanda smábátaútgerðar, frístundabáta og æskulýðs og félagsstarf setja mark sitt á mannlíf og yfirbragð svæðisins. Skipulagið tekur mið af því að lífið í nýju íbúða- og þjónustuhverfi verði samofið áframhaldandi starfsemi á höfninni þannig að sögu sjósóknar í Hafnarfirði sé viðhaldið og gerð góð skil. Í þessu felast mikil verðmæti sem halda skal í og taka tillit til við þróun og uppbyggingu skipulagsins.



Íshús Hafnarfjarðar



Núverandi aðstæður í Flensborgarhöfn. Hún er mikilvæg höfn fyrir báta í smáutgerð og frístundabáta



Yfirlitsmynd frá miðbæ Hafnarfjarðar. Austurgata og Fríkirkjan.



Strandgata. Hafnarborg, Einarsbúð og Hafnarfjarðarkirkja



Dráttarbrautin í Drafnarslippnum er síðasta fjörutengingin í miðbæ Hafnarfjarðar.



Íshús Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir endurbyggingu þess þar sem verður fjölbreytt tilboð veitinga og þjónustu á fyrstu hæð og íbúða á efri hæðum.



Flensborgarhöfn er mikilvæg fyrir smábátaútgærd og fristundabáta



Fjölbreyttir veitingastaðir og þjónusta er nú í Drafnarhúsinu og mun styðja vel við nýtt skipulag.



03 DEILSKIPULAGIÐ



Skipulagssvæði ásamt helsta nágrenni



03 DEILISKIPULAGIÐ

3.1 HUGMYNDAFRÆÐI

Hugmyndin að skipulagi Flensborgarhafnar er innblásin af sögulegu byggðarmynstri Hafnarfjarðar og miðar af því að skapa lífræna tengingu á milli húsa og auðga mannlífið á milli þeirra. Í stað nútímalegrar uppbyggingar sem oft einkennist af reglufestu randbyggð með inngörðum og afgirtum lóðum er lögð áhersla á opið flæði og gott aðgengi um svæðið í heild sem leiðir af sér spennandi mannlíf, rými og aukna notkun.

“Hafnarteppið” og hafnarbakkinn - Yfirborð svæðisins

Lykilatriði í skipulaginu er hafnarteppið sem er sjónrænt samhangandi yfirborð svæðisins alls. Markmiðið er hægt sé að lesa og skynja svæðið sem eina heild þó að markað sé í yfirborðið fyrir vistgötu, lóðamörkum, bílastæðum og svo framvegis. Þetta samhangandi yfirborð tryggir samnýtingu svæðisins, fagurfræðileg gæði og ýtir undir tilfinningu fyrir samhengi húsa og útisvæða. Undantekningar frá hafnarteppinu verða gerðar til að fella inn græn svæði og þar sem starfsemi krefst aðgangsstýringar. Þetta verður náð útlistað í sérskilmálum lóða. Þar sem svæðið mætir sjó er svo hafnarbakki. Trébryggja þar sem verða bekkir og fleira sem laðar að fólk í rólega göngutúra þar sem hægt er að fylgjast með starfsemi í höfninni og njóta nálægðar við sjóinn.

Umferðarásar

Kjarnin í umferðarskipulagi Flensborgarhafnar eru þrjár meginumferðaræðar. Strandgata sem myndar skipulagsmörk til suðurs er megin umferðaræðin að og frá hverfinu. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að Borgarlínan komist þar fyrir ásamt almennri bílaumferð, hjólandi og gangandi umferð. Flensborgarstræti er samofin kjarna skipulagsins frá austri til vesturs. Strætið stuðlar að líflægu en notalegu umhverfi þar sem gangandi, hjólandi og ökutæki deila rýminu. Meðfram höfninni er svo trébryggja sem er göngustígur sem býður upp á afslappað andrúmsloft með fallegu útsýni yfir höfnina og tækifæri til að njóta stundarinnar.

Torgin

Meðfram umferðarásunum eru almenningsrými sem lögð er sérstök áhersla á að fólk geti notið. Við stoppistöð almenningsgangna er torg sem tengist hugsanlegri matvöruverslun og ýmislegri þjónustu. Torgið framan við Íshúsið tengir Flensborgarstræti við bryggjustíginn og er aðal kennileiti og samkomustaður svæðisins. Slippsvæðið og gamla dráttarbrautin er síðasta fjörutengingin í miðbænum og þar er hægt að upplifa nánd við sjóinn. Kennileiti er staðsett á jaðri skipulagsins og er ætlað að laða að fólk til að upplifa höfnina frá öðru sjónarhorni.

Sjónlínur


Að viðhalda sjónlínunum í gengum Flensborgarhöfn er eitt af lykilatriðum skipulagsins. Þær tryggja að íbúar og gestir hafi skýra tengingu við höfnina og eykur jákvæða upplifun. Þetta miðar einnig að því að lágmarka eins og hægt er skerðingu útsýnis nálægrar byggðar.




Söguleg mynd af Flensborgarhöfn og Drafnarlipp



Dæmi um mögulegt hafnarteppi



Hugmyndafræði deiliskipulags



Skýringarmynd - frá randbyggð að lífrænni uppbyggingu

3.2 INNBLÁSTUR

Arkitektúr

Til að veita innblástur fyrir hönnun bygginga innan Flensborgarhafnar eru stemningsmyndir. Myndirnar sýna dæmi um m.a. liti, efni, þakgerðir og framhliðar. Byggingastíllinn getur verið hefðbundinn eða nútímalegur með skírskotun í söguna. Myndirnar eiga aðeins að veita innblástur en eru ekki takmarkandi eða bindandi.



Uppbrot í áferð og efnum til að spila með áhrif ljóss og skugga.



Áhugaverðir inngangar, fjölbreytt þök og litríkar framhliðar



Notkun á mismunandi viðartegundum og áferðum til að búa til andstæður



Málaðar húshliðar í mismunandi litum



Hlýir náttúrulegir tónar með áhugaverðum áferðum

Opin svæði og landslagshönnun

Almenningsrými Flensborgarhafnar einkennist fyrst og fremst af "hafnarteppinu"/ yfirborðinu sem tengir svæðið saman. Þó er mikilvægt að brjóta upp mynstrið á völdum stöðum með trjágróðri og innrömmun ákveðina svæða. Skýrustu mörkin verða á milli hafnarteppisins og trébryggjunnar. Á svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði þ.m.t. lóðum er heimilt að hafa allt að 20% af flatarmáli útisvæðis úr öðrum yfirborðsefnum. Þetta á við um gróðurfleti sem gætu nýst sem blágrænar ofanvatnslausnir. Leyft er að leggja yfirborð með eigin mynstri en þó með samskonar efni og annars í hafnarteppinu með þeim skilyrðum að fólk þurfi að skilja samfellu á svæðinu.



Trjágróður er mikilvægur fyrir umhverfið og örvar notkun svæðisins. Hefur góð áhrif á vindafar.



Fjölbreytileiki í gróðri og grænum svæðum skapar áhugaverð almenningsrými.



Hægt er að nota litatóna efna til að undirstrika ákveðin svæði



Lágur gróður er oft næginlegur til að skapa tilfinningu fyrir sérrými



Notkun á efnum tengd iðnaði mynda hugrenningartengsl við sögu svæðisins

3.3 DEILISKIPULAG OG LÓÐIR

Staðareinkenni og núverandi starfssemi

Þróun og uppbygging svæðisins er bundin skýrum ytri aðstæðum sem þarf að taka tillit til og vinna með svo hægt sé að skapa óslitið og aðgengilegt umhverfi. Mikilvægt er að núverandi starfssemi hafnarinnar haldi áfram og verði samofin nýju og fjölbreyttu mannlífi svæðisins.

Leitast verður við að halda í byggingar á svæðinu eins og kostur er. Að öðrum kosti verði þær endurbyggðar í svipaðri mynd. Verbúðarhúsin við Fornubúðir, Íshús Hafnarfjarðar og Siglingaklúbburinn þyrtu eru órjúfanleg arfleið svæðisins og eru lyklatríði í uppbyggingunni.

Dráttarbraut gamla slippins verður áberandi á svæðinu og viðheldur beinni tengingu við sjóinn. Þessi síðasta fjörutenging bæjarins verður eitt af hjartarýmum og tengir iðnaðarsögu svæðisins við framtíð þess sem lífligt borgarrými. Ljósamöstur sem fyrir eru á höfninni verða færð til og aðlögðu að nýju skipulagi.

Meðfram nýjum bryggjukannti þarf að vera 6 metra breitt athafnasvæði. Það er nauðsynlegt svo að hægt sé að þjónusta báta í höfninni og tryggja áframhaldandi starfssemi. Fyrirhuguð stoppistöð almenningssamgangna er mikilvæg samgöngutenging fyrir hverfið. Hún skiptir sköpum í skipulagi og eflir aðgengi og tengingu fyrir svæðið.

Siglingarklúbburinn hefur þörf fyrir umtalsverða lóðarstækkun og beina tengingu að sjó. Þetta er nauðsynlegt svo auðvelt sé að sjósetja ýmsar tegundir báta og styðja við starfsemi klúbbsins. Ofantaldir þættir mynda saman þau ytri skilyrði sem taka þarf tillit til við hönnun og þróun skipulagsins. Með það að markmiði að tryggja þarfir hafnarinnar og að saga svæðisins fléttast inn með uppbyggingu líflegs íbúða- og þjónustusvæðis.




Íshús Hafnarfjarðar



Slippurinn

SKÝRINGAR

- Núverandi byggingar
- Núverandi ljósamöstur
- Ný staðs. ljósamastra
- Almenningssamgöngur
- Hæðarlínur



Staðareinkenni og núverandi starfssemi

Hönnunargögn

Byggingarreitir

Byggingarreitir eru markaðir með brotinni línu í deiliskipulagsupprætti og skulu byggingar vera innan byggingarreits með eftirfarandi undantekningum; einstakir byggingarhlutar, s.s. loftræsti- og reykháfar, skyggni, gluggafrágangur, sólpallar, svalir og útbyggingar mega ná 0,6m út fyrir byggingarreit. Hæðarkótar eru gefnir upp á sneiðingum, en einungis hámarkshæð er bindandi, millikótar eru leiðbeinandi. Við gerð hæðarblaða kunna hæðarkótar að breytast lítillega. Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjálsl.

Lóðir

Lóðarmörk og stærð lóða eru sýnd á skipulagsupprætti. Innra skipulag lóða svo og stærðir húsa, aðkomu- og athafnasvæði skal vera í samræmi við deiliskipulag og skal lóðarhönnun lögð inn til samþykktar þegar sótt er um byggingarleyfi. Deiliskipulagið skilgreinir lóðarmörk. Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingarreglugerð (112/2012). Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þau séu í samræmi við samþykktar teikningar, skipulagsskilmála og hæðartölur skv. mæliblaði. Ekki er heimilt er að reisa girðingar á lóðarmörkum. Smáhýsi á lóð eru ekki heimil. Samræma skal alla útilýsinguna á skipulagsreitnum. Við hönnun hennar skal þess sérstaklega gætt að hún valdi ekki glýju eða truflun inn í íbúðirnar.

Hönnun og Uppdrættir


Við hönnun bygginga skal fara eftir því sem mæliblöd, hæðarblöd og skilmálar þessir

segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, afmörkun sérafnotareita og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni. Hafa skal samráð við umhverfis- og skipulagssvið við hönnun lóðar þar sem samræma skal hana öðru yfirborði á svæðinu. Gera skal grein fyrir lóðarfrágangi í byggingarlýsingu. Auglýsingaskilti skulu ekki hafa truflandi áhrif, s.s. vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar. Sækja þarf um leyfi hjá byggingarfulltrúa fyrir auglýsingaskiltum í hverfinu.

Mæli- Og Hæðarblöd


Mæliblöd sýna stærðir lóða, lóðarmörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir megin hlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð. Hæðarblöd sýna hæðir á lóðarmörkum, viðmiðunarhæðir gangstétta og gatna við lóðarmörk og hámarkshæð húsa sem er skilyrt í skilmálum þessum. Lega veitulagna er einnig sýnd á hæðarblöðum.



Lóðir og þróunarreitir með lóðarnúmerum

SKÝRINGAR

	MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS
	NY LÓÐAMÖRK
	ELDRI LÓÐAMÖRK
	NÚVERANDI STRANDLÍNA
	BYGGINGARREITUR OG MENNISTEFNA
	BYGGINGAR SEM MEGA VÍKJA
	NÚVERANDI BYGGD
	GÖNGUSTÍGAR / TORGSVÆDI
	SÉRAFNOTAFLETIR
	GÖNGUSTÍGAR
	REIÐHJÓLASTÍGAR
	VISTGÓTUR
	GÓTUR
	BRYGGJUKANTUR
	TORGSVÆDI
	HEILDARSTÆRD LÓÐAR
	LÓÐARNÚMER OG FJÖLDI HÆÐA 3h + kj
	INN- OG ÚTKEYRSLA BÍLAKJALLARA
	DJÚPGÁMAR FYRIR SORP
	BÍLASTÆDI
	BÍDSTÖÐ STRÆTISVAGNA
	TRÉ
	DREIFISTÖÐVAR RAFMAGNS
	LIÓSAMASTUR
	BIRGDATAK



Deiliskipulag

3.4 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA


Almennt er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi á jarðhæð bygginga þar sem fjölbreytt þjónusta verður höfð að leiðarljósi. Þar má nefna kaffihús, veitingastaði, smávöruverslanir o.þ.h. Öll leyfisskyld starfsemi í hverfinu þarf að uppfylla skilyrði sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarjarðar- og Kópavogssvæðis setur fyrir mögulegri mengun, s.s. vegna hávaða og lyktar. Skilmálar er varða verslun, þjónustu og atvinnulíf á svæðinu tekur mið af því að vera staðsett í blandaðri byggð og munu leyfi og annað miðast við það. Skýr aðgreining skal vera á milli atvinnustarfsemi á jarðhæð og efri hæða sem eru íbúðir (inngangar, geymslur, önnur rými, lagnir o.s.frv.). Salarhæð verslunar og þjónustuhúsnæðis á jarðhæðum skal að lágmarki vera 4m.



Endurbýgging dráttarbraut slípsins gefur möguleika á líflegum leikvelli þar sem arfleið svæðisins er í fyrirrúmi



Heilsulindin hefur áberandi hlutverk í skipulaginu og mun laða að gesti



SKÝRINGAR

■ Þjónusta og verslun

Yfirlit yfir þjónustu fyrir almenning



Starfsemi innan- og utanhúss. Fjölbreytni í í verslun og þjónustu hefur jákvæð áhrif á mannlíf svæðisins. Hvatt er til tenginga og hugrenningartengsla við sjósókn.

3.5 GÖNGU- OG UMFERÐARLEIÐIR

Ýmsar aðkomuleiðir eru að byggðinni fyrir gangandi, akandi og hjólandi umferð og er hugmyndin að hún verði framlenging á miðbæjarsvæði Hafnarfjarðar. Mikil atvinnustarfsemi og þjónusta verður á svæðinu og er því mikilvægt að skapa gott aðgengi fyrir alla, hvort sem vegfarendur eru á ferðalagi í gegnum svæðið, eru að sækja þangað þjónustu eða eru að nýta almenningsrýmin.

Gangandi umferð

Flensborgarstræti verður hryggjarstykki hverfisins og sker það frá austri til vesturs í hlykkjóttri vistgötu þar sem gæði umhverfis og almenningsrýma tvinnast inn í upplifun vegfarenda. Með notkun á gróðri, trjám og áhugaverðum almenningsrýmum er hugmyndin að leiða vegfarendur inn á svæðið. Að auki er hægt að ganga og hjóla meðfram Strandgötu og meðfram sjónum með útsýni yfir smábátahöfnina og starfsemina þar. Byggingar í suðvesturhorni svæðisins taka mið af legu hágæða almenningsgangna og eru því staðsettar í ákveðinni fjarlægð og skapa þannig almenningsrými þar á milli. Einnig verður sterk tenging á milli stoppistöðvar og Flensborgarstrætis með opinni gönguleið.

Þverunum yfir Strandgötu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur verður fjölgað. Á opnum svæðum verður sérstaklega gætt að aðgengi fyrir sjónskerta og leiðarlínur og litaval á yfirborði nýtt til að veita þeim upplýsingar og beina í gegnum svæðið.




Gönguleiðir innan skipulagsins

Hjólreiðar

Hjólástæði eru bæði innan lóða og í göturýmum og eftir atvikum í bílakjöllurum. Hjóla- og vagnageymslur skulu uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Í þeim tilvikum sem hjólástæði eru í bílakjöllurum skal aðskilja umferð að þeim frá umferðarleiðum ökutækja. Gera skal grein fyrir útreikningi á fjölda og staðsetningu hjólástæða á aðaluppdráttum. Gera skal ráð fyrir 0,5 hjólástæðum fyrir hverja íbúð 80m² eða minni og 1 hjólástæði fyrir stærri íbúðir. Gera skal ráð fyrir 1 hjólástæði á hverja 200m² atvinnuhúsnæðis.



Hjólaleiðir innan skipulags. Gert er ráð fyrir hraðleið hjólandi á hjólástígum á Strandgötu



Bryggjukantur mætir hafnarþeppi



Fig.3.30: Dæmi um hafnarþeppi (borgargólf)



Dæmi um hólástæði



Sambland hjólástæðis og gróðurs

Bílaumferð

Bílaumferð

Umferð vélknúinna ökutækja verður leyfð eftir Flensborgarstræti en verður takmörkuð við 15 km/klst sem er hámarkshraði á vistgötum. Ekki má leggja bílum við götuna nema á sérmerktum stæðum. Keyrt verður inn á reitinn frá Fornubúðum og ekið í einstefnu eftir Flensborgarstræti til austurs þar til það mætir Strandgötu eða til norðurs út á Fornubúðir. Meðfram vistgötunni verða samsíða bílastæði en auk þeirra verða fleiri bílastæði tengd matvöruverslun, smábátahöfninni og Íshúsinu líkt og sést á skýringarmynd, u.þ.b. 128 bílastæði á yfirborði. Verða þau almennt ætluð sem skammtíastæði en langtíastæði verða í 6 bílarkjöllurum. Keyrt verður niður í vestari bílarkjallarann eftir einbreiðum rampi á milli húsa 4c og 4d. Verður hann að fullu neðanjarðar en hinn bílarkjallarinn verður að hluta grafinn í jörðu. Keyrt verður niður í þann bílarkjallara á milli húsa 11 og 16b eftir einbreiðum rampi.

Bílastæði

Við mat á fjölda bílastæða fyrir deiliskipulagið var horft til þess að skipulagssvæðið er miðsvæðis í bænum, væri með góðar tengingar við almenningsamgöngur og geti haft færri bílastæði en önnur svæði sem eru fjær samgönguás. Einnig eru forsendur fyrir fáum bílastæðum samnýting þeirra bæði sé horft til vesturs að Óseyrarhverfi og væntanlegum Tækniskóla og til austurs að miðbæ. Gera skal ráð fyrir að lágmarki einu bílastæði á hverja 80m² í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem komið skal komið fyrir í bílarkjallara eða á lóð. Fáeinar undantekningar eru frá þessu og kemur það fram í sérskilmálum fyrir þær lóðir að stæði fyrir lóðirnar eru á bæjarlandi. Lágmarkskrafa um bílastæði fyrir hverja lóð kemur fram í töflu. Bílastæði samkvæmt ofangreindum kröfum sem gerð verða ofanjarðar jafnt á lóðum sem á bæjarlandi eru sameiginleg öllum og má ekki merkja sérstökum notanda. Heimilt er að merkja sérstökum notanda bílastæði í kjallara en eingöngu 1 bílastæði á íbúð. Ef óskað er eftir að sérmerkja 2 bílastæði fyrir íbúð þarf annað stæðið að koma til viðbótar lágmarkskröfum um fjölda skv. töflu. Á reitnum er gert ráð fyrir a.m.k. 2 deilibílum. Í samræmi við byggingarreglugerð skal gera ráð fyrir möguleika á tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við bílastæði í bílageymslu. Við bílastæði hreyfihamlaðra skal þess gætt að aðgengi að hleðslustöðum sé gott og hindrunarlaust og að hönnun sé í samræmi 6.2.4 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Veituvinnviðir

HS Veitur reka rafveitu á svæðinu og uppbygging dreifikerfisins fer jafnan fram samfara uppbyggingu í samræmi við skipulagsáætlunina eða eftir nánara samráð við sveitarfélagið og/eða landeiganda/eigendur. Um þessa innviði



Akandi umferð innan svæðis er á vistgötu þar sem öll umferð deilir rýminu



Dæmi um vel útfærð bílastæði



Dæmi um innkeyrslu í bílarkjallara

gilda ákvæði raforkulaga (dreifiveitur) og viðeigandi reglugerðir, þ.m.t. tæknilegir tengiskilmálar. Þá gera Skipulagslög ráð fyrir að gera skuli grein fyrir þessum innviðum í skipulagsáætlunum (uppdráttur/greinargerð). Loks skal gert ráð fyrir þeim og tilheyrandi kvöðum í lóðarleigusamningum.

Rafveita

Innviðir rafveitu eru stofnstrengir, aðveitustöðvar, dreifikerfi, dreifistöðvar, götuskápar og heim-lagnir. Almennt fylgir dreifikerfið skipulagi gatna, en getur eftir atvikum þurft að fara um lóðir einstakra fasteigna og hvíla kvaðir á lóðum vegna þessa og vegna heimlagna. Þá gilda tæknilegir tengiskilmálar rafveitna og skilmálar veitunnar um tengingu einstakra eigna við veituna.

Kvaðir

Í kvöðum vegna innviða fellast fyrst og fremst lagnastæðið ásamt tilheyrandi helgunarsvæði og heimildir til reksturs, viðhalds og endurnýjunar á lögnum án sérstakra bóta vegna þess enda gangi HS Veitur frá langastæðum með eðlilegum hætti. Óheimilt er að hylja lagnaleiðir með mannvirkjum þannig að aðgengi sé hindrað, s.s. með steyptum stéttum, sólpöllum o.s.frv. Sé það gert eru ekki greiddar bætur vegna þessara mannvirkja þurfi að rjúfa þau vegna viðhalds og endurnýjunar dreifikerfi, þ.m.t. heimlagna.

Samráð-samkomulag um flutning lagna og greiðslu kostnaðar

Væntanlegir framkvæmdaðilar og/eða lóðarhafar skulu hafa fullt samráð við HS Veitur vegna ofangreindra innviða. Feli skipulagsáætlun í sér að verið er að þétta byggð eða byggja upp í þegar skipulögðu svæði sem kalla á breytingar á legu innviða, skal framkvæmdaraðili og/eða lóðarhafi ganga frá samkomulagi við HS Veitu um flutning lagnanna og greiðslu kostnaðar vegna þess.

Staðsetning og umfang dreifistöðva skal getið í eignaskiptasamningi. Í dag er ein dreifistöð rafmagns á reitnum á lóðinni Flensborgarstræti 16b. Tryggja skal að rekstur hennar haldist óraskaður þar til önnur veitustöð hefur tekið yfir hlutverk hennar.

Sorphirða/djúpgámar

Staðsetning djúpgáma/djúpgámalóða er tilgreind á deiliskipulagsuppdrætti og eru þeir á sérlóðum. Lóðirnar verða tengdar öðrum lóðum á svæðinu og sameign þeirra. Lóðarhafar sjá um uppsetningu djúpgáma og eru eign þeirra. Staðsetning þeirra á



Aðkoma fyrir viðhald og þjónusta báta um 6m athafnasvæði

uppdrætti er leiðbeinandi að því leiti að hliðra má samstæðum til samræmis við hönnun bygginga að hámarki 4 metra. Aðgreining skal vera á milli sorpiláta atvinnuhúsnæðis og djúpgáma íbúðarhúsnæðis. Úrgangur frá starfsemi á jarðhæð á ekki að valda efri hæðum vanda s.s. vegna sjón-, hávaða-, fok- og lyktarmengunar eða aðkomu fugla, meindýra eða katta. Fjarlægð frá ystu brún gámsins í húsvegg eða fastan hlut, s.s. lampaskerm, ljósastaur eða krónu trés, skal vera að lágmarki 2 m upp í 12 m hæð, af öryggisástæðum við tæmingu gámana. Djúpgámar neðanjarðar skulu vera að lágmarki 3 m frá lögnum og 5 m frá spennistöð. Halli á svæðinu þar sem hirðubíll stendur við losun má ekki vera meiri en 1,5% í þverhalla og 5% í langhalla. Æskilegt er að hirðubíll geti ekið í burtu án þess að bakka. Ekki skal staðsetja gáma þannig að við hirðu sé göngu- og/eða hjólaleið undir krana við losun gáma. Tryggja skal gott aðgengi og aðstöðu til sorpsflokunar til þess að draga úr úrgangi sem fer til urðunar. Tryggja skal að heimilissorp verði að minnsta kosti flokkað í fjóra flokka. Móttaka á sorpi frá smábátabyggjum í Flensborgarhöfn skal

vera í djúpgámum. Þeim skal komið fyrir í bryggjusvæði samkvæmt uppdrætti.




Djúpgámar

3.6 ALMENNIR SKILMÁLAR

Arkitektúr

Veitt er töluvert frelsi til hönnunar bygginga innan Flensborgarhafnar. En til að tryggja að samhengi, gæði og að sýn sipulagshöfundar nái fram eru settar nokkrar almennar leiðbeiningar.



Jarðhæðir

Mikilvægt er að lokuð klæðning framhliða sé á öllum hæðum en á sama tíma er mikilvægt að verslunar- og þjónusturými aðgreini sig og séu opin og aðlaðandi. Glerfletir jarðhæðar skulu vera á bilinu 40-60%.



Dæmi um jarðhæðir



Þak-kvistir

Heimilt er að hafa þak-kvisti á reistum þökum. Form þeirra er frjálst. Hámarksbreidd hvers kvists skal ekki vera meiri en sem nemur 30% af lengd þaks. Heimilt er að hafa fleiri en einn kvist á hverri hlið þaks en þá skal sameiginleg breidd kvista ekki vera meiri en sem nemur 50% af lengd þaks.



Dæmi um þak-kvisti



Inngangar

Inngangar bygginga eiga að veita skjól fyrir veðri og vera vel sýnilegir. Til að ná þessu fram skulu a.m.k aðalinnangangar vera inndregnir með möguleika á að bæta við skyggni.



Dæmi um innganga



Þakhallar og þakgarðar

Hámarks þakhallar eru eins og tilgreindir á sniðum. Heimilt er að lækka þök. Lámarks þakhalli er 30 gráður.



Dæmi um þak-kvisti



Svalir

Hvatt er til þess að svalir íbúða snúi út í almenningsrými þar sem það hentar m.t.t. sólaráttar. Til að svalir séu nothæfar er leyft að þær standi allt að 1,8m út frá hlið hússins en þó ekki meira en 0,6 m út fyrir byggingarreit. Dýpri svalir eru leyfðar ef dýpt umfram 1,8m er byggt inn fyrir húshlið.



Dæmi um svalir

Almenningsrými og landslagshönnun

Landslagshönnun og hönnun almenningsrýma skal vera í höndum landslagsarkitekta.



Sérafnotareitir

Þrátt fyrir að allt "hafnarsteppið"/yfirborðið er skilgreint sem aðgengilegt fyrir alla er heimilt að hafa sérafnotareiti innan lóðar fyrir íbúðir á jarðhæð sem snúa inn í innagarð. Nauðsynlegt er að þessi skil séu látlaus og snyrtilega útfærð. Ekki er heimilt að reisa garðveggi eða þéttar girðingar. Þessi skil skulu t.d. útfærð með lágum gróðri, steinum eða steinhleðslum að hámarki 0,6m og vera hluti af hönnun hússins.



Mörk lóða að almenningsrýmum

Meginregla hafnarsteppisins/yfirborðsins miðar að því að draga úr skilum almenningsrýma og einkalóða. Til að halda þessari samfellu eru girðingar og grindverk ekki leyfð nema í undantekningartilfellum. Ef þörf er á næði má nota aðrar lausnir svo sem gróður, götugögn eða tröppur. Undantekningar eru á svæði siglingaklúbbsins og við lóð nr. 15 þar sem þarf að stýra aðgengi. Í þessum tilvikum skulu girðingar vera gegnsæjar og vera til virðisauka fyrir svæðið. Þetta má gera m.a. með því að notast við blöndu af steinhleðslu og grindverki, innlima gróður, götugögn eða list sem vísar í arfleið hafnsækinnar starfssemi í Hafnarfirði.



Dæmi um látlausu afmörkun sérafnotareita



Dæmi um opna afmörkun lóða með hæðar afmörkun



Dæmi um grindverk sem vísar í iðnað og sögu

Starfsemi hafnarinnar


Núverandi bryggjur verða aðlagðar að landfyllingu sem nauðsynleg er fyrir uppbyggingu svæðisins.

Meðfram trébryggju (gönguleið) verður 6 metra autt athafnasvæði þar sem ökutæki tengd starfsemi er heimilt að keyra inn á og leggja á meðan unnið er við bátana. Ekki er heimilt að skilja bíla eftir á þessu svæði. Hægt verður að keyra inn á þetta svæði á mótis við Fornubúðir 10 og á milli Flensborgarstræti 9 og 11. Svæði þetta skal aðgangsstýrt með merkingum eða snyrtilegum lokunum. Athafnasvæðið er sameiginlegt gangandi umferð hverfissins og skulu þeir sem eiga erindi þangað taka mið af því.

Höfninni er heimilt að sérmerkja eða aðgangsstýra með snyrtilegum hætti bílastæði fyrir sjómenn á mótis við Fornubúðir 12. Nýr sjósetningarapur er staðsettur norð-austan við lóð siglingarklúbbs. Við hlið hans er flotbryggja samsíða trébryggju (gönguleið).

Djúpgámar fyrir hafnarstarfssemi eru staðsettir á sérlóð samkvæmt uppdrætti við aðkomu athafnasvæðis norðan við lóð 1a.


Ljósamöstur hafnarvæðis og olíutankur við siglingarklúbb skulu aðlöguð nýju skipulagi samkvæmt uppdrætti. Unnið skal með áfyllingarlúgu olíutanks með landslagshönnun.





04 SÉRSKILMÁLAR

04 SÉRSKILMÁLAR LÓÐA



Nánari leiðbeiningar og skilmálar fyrir einstakar lóðir skipulagsins

Hönnunaráherslur og samráð

